

Helstu niðurstöður aðalfundar Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2026

Aðalfundur Sjóvár var haldinn 12. mars í fundarsal félagsins Kringlunni 5, Reykjavík..

- Ársreikningur vegna ársins 2025 var samþykktur.
- Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um arðgreiðslu sem nemur kr. 0,95 á hlut fyrir rekstrarárið 2025 eða um 1.100 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 12. mars 2026 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2026, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 13. mars 2026 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 26. mars 2026.
- Tillaga um kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn til 3 ára var samþykkt með breytingartillögu sem kynnt á fundinum.
- Í stjórn félagsins voru kjörin:
Björgólfur Jóhannsson
Guðmundur Örn Gunnarsson
Hildur Árnadóttir
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro

Stjórn hefur skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Björgólfur Jóhannsson og Hildur Árnadóttir varaformaður.

Eftirtalin voru kjörin sem varamenn í stjórn:
Erna Gísladóttir
Garðar Gíslason
- Tillaga um að KPMG yrði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs var samþykkt.
- Aðalfundur tilnefndi Elfu Björgu Aradóttur og Erik Ingvar Bjarnason til setu í endurskoðunarnefnd.
- Eftirtalin voru kjörin í tilnefningarnefnd félagsins til næstu tveggja ára:
Finnur R. Stefánsson
Katrín S. Óladóttir
Sigríður Olgeirsdóttir
- Breytingartillaga sem borin var upp á aðalfundi um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar var samþykkt. Laun stjórnarmanna verða 483.000 kr. á mánuði, laun varaformanns verði 725.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns verði 966.000 kr. á mánuði. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 483.000 kr. í upphafi starfsárs og að auki 167.000 kr. fyrir hvern fund sem hann situr. Nefndarlaun í endurskoðunarnefnd verða kr. 126.000 á mánuði og að laun nefndarformanns verða kr. 252.000 á mánuði. Þá verða nefndarlaun í starfskjaranefnd verða kr. 50.000 á mánuði og að laun nefndarformanns verða kr. 100.000 á mánuði. Þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verða 375.000 kr. á mánuði og 50.000 fyrir hvern fund og fær formaður 50% álag.
- Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða fjarfestar@sjova.is.